



Moka Mera Lingua Kennsluáætlun

Moka Mera í samvinnu við Dr Gummer's Good Play Guide

2021

Hægt er að sækja **Moka Mera Lingua** appið án endurgjalds í App Store og Google Play Store. Það má nota bæði á snjallsímum og spjaldtölvum.



Upplýsingar fyrir kennara:

- Leiðbeiningar fyrir hverja kennslustund innihalda tímaáætlun og ráðlagða hópstærð fyrir smærri hópa sem börnunum er skipt í. Lengd kennslustundar og stærð hópa má aðlagða eftir þroskastigi og þörfum barnanna. Til dæmis væri hægt að dreifa því sem felst í kennslustundinni ásamt ýmsum verkefnum hennar á fleiri kennslustundir yfir nokkra daga. Smærri hópar kunna að henta betur þar sem þeir stuðla að betri námsskilningi barna, veita rými til umhugsunar og ýta undir samskipti. Séu börnin ekki vön því að vinna sjálfstætt innan hópa er ráðlegt að kennari hafi aðeins umsjón með einum eða tveimur litlum hópum í einu.
- Kennslustundirnar geta farið fram á hvaða tungumáli sem er í boði í appinu. **Orðalisti Moka Mera Lingua** sem inniheldur þýðingar yfir öll helstu orðin fylgir með í viðhengi. Orðalistinn inniheldur lykilorðaforða hvers tungumáls eins og það kemur fyrir í verkefnunum.

LISTI YFIR VIÐHENGI

VIÐHENGI - 1. kennslustund: Bingó
VIÐHENGI - 2. kennslustund: Svefnherbergi, kind
VIÐHENGI - 3. kennslustund: Myndir til að líta, baðtími
VIÐHENGI - 4. kennslustund: Sýning, baðherbergi
VIÐHENGI - 4. kennslustund: Sýning, eldhús
VIÐHENGI - Moka Mera Lingua, orðalisti
VIÐHENGI - Moka Mera Lingua - Heimaverkefni

Skilgreiningar

Aðaltungumál: Tungumálið sem notað er við skólastarf, tungumál sem er vanalega notað. Ekki er víst að öll börnin í hópnum deili sama aðaltungumáli og því er mikilvægt að meta hvort þau börn sem tala annað tungumál þurfi að vinna á því máli eða hvort þau þurfi á auka stuðningi að halda.

Erlent tungumál: Tungumálið sem á að læra. Hægt er að nota námskrána, þar með taldar allar kennslustundirnar, með öllum tungumálunum sem eru í boði í Moka Mera Lingua appinu.

Sýningarútfærsla

Myndefni á tilteknu sýningarsvæði stuðlar að auknum námsskilningi barnanna. Hér að neðan eru tillögur um hvernig hægt er að setja upp sýningarsvæði í kennslustofunni eða annars staðar. Nánari upplýsingar hvað varðar sýningarútfærslu má finna í hverri kennslustund. Metið fyrri þekkingu barnanna á viðfangsefninu áður en byrjað er.

Mat á fyrri þekkingu.

Gott er að kanna fyrri þekkingu barnanna á viðfangsefninu svo að hægt sé að aðlagga kennslustundina að þekkingu þeirra. Mat og skrásetning fyrri þekkingar varpar einnig betra ljósi á þá námsleið sem hentar hverju barni best.

Þegar upphafspunktur er ákvarðaður er mikilvægt að hafa fyrri þekkingu í huga. Mat á fyrri þekkingu getur farið fram á ýmsan hátt, t.d. með samræðum við einstaklinginn eða hópinn. Spyrið börnin út í það sem þau vita um erlenda tungumálið, hvaða orð þau þekkja og hvernig þau komust í kynni við tungumálið. Byrjið á opnum spurningum og beinið svo umræðunni að hlutum, litum, tölustöfum og setningum. Þetta má líka gera með því að leyfa börnunum að teikna (eða skrifa) orðin sem þau kunna eða jafnvel með því að taka upp stutt viðtöl við börnin. Geymið svo upptökuna til síðari nota.

Útbúið sýningarsvæði sem svipar til hússins í Moka Mera Lingua appinu þar sem kennslustundirnar fjórar tengjast hver einu af fjórum herbergjum trjáhússins.

Ef mat á fyrri þekkingu barnanna liggur fyrir er hægt að gera því skil á sýningarsvæðinu (1. hluti). Hægt er að setja upp teikningar, minnispunkta og ljósmyndir ásamt mynd og nafni barnsins. Sá hluti nýtist þá sem viðmiðunarpunktur. Eftir því sem haldið er áfram að skoða og læra meira um tungumálið, má líta til baka á þekkinguna sem var til staðar í upphafi og sjá hversu mikið hefur lærst í ferlinu.

1) Háaloftið - Fyrri þekking barnanna. - Ljósmyndir, teikningar og athugasemdir um fyrri þekkingu barnanna.	
2) Svefnherbergið (tölustafir) - 10 kindur (viðhengi) - Ljósmyndir af tölustöfum og magni mismunandi hluta sem börnin finna heima hjá sér.	3) Baðherbergið (litir) - Litaðir hringir úr 2. kennslustund (rauður, appelsínugulur, gulur, grænn og blár) - Litaðar myndir úr 3. kennslustund: Baðtími, myndir til að lita (viðhengi) - Ljósmyndir eða teikningar af litríkum hlutum á heimilinu eða deildinni (rauður, appelsínugulur, gulur, grænn og blár) - Mynd af vaski og salerni (viðhengi)
4) Eldhúsið (hlutir) Mynd af hnífi, gaffli, skeið og disk (viðhengi)	5) Leikherbergið - Mynd fyrir 1. kennslustund: Bingó (viðhengi); fótbolti, bók, tré, lampi, skyrti, planta, hringla, tromma, vatnskanna, útvarp, róla og teppi. - Ljósmyndir eða teikningar af hlutum á heimilinu eða deildinni.

Moka Mera Lingua, 1. kennslustund - „Hlutir“		
Námssvið: Erlent tungumál sem getur verið arabíska (austurlönd), kínverska (mandarín), enska, finnska, franska, þýska, rússneska, spænska eða sænska.	Aldursbil: 4-8 ára	Áætlaður tími: 30-45 mín.
Markmið: Að kanna erlent tungumál Þema: Hlutir Lykilþættir kennslustundarinnar: - Að læra að nota Moka Mera Lingua appið. - Æfið ykkur í að þekkja nöfnin á tólf mismunandi hlutum á erlendu tungumáli.		Tillögur að aukaverkefnum: -Æfið ykkur í að nefna nöfn tólf mismunandi hluta á erlendu tungumálinu. - Æfið ykkur í að bera fram nokkur orð sem koma fyrir í appinu á erlendu tungumálinu.
Aðföng: Spjaldtölva eða annað tæki með Moka Mera Lingua appinu uppsettu (tungumálið sem talað er í hópnum skal valið sem „mitt tungumál“ og tungumálið sem skal læra sem „ég vil læra“); hvert barn fær útprentað eintak af VIÐHENGI - 1. kennslustund: Bingó; teikniblöð; vaxliði/túss- eða tréliði.		
Lykilorð: Fótbolti, bók, tré, lampi, skyrta, planta, hringla, tromma, vatnskanna, útvarp, róla og teppi (bæði á aðaltungumálinu sem og því erlenda).		
Inngangur: Útskýrið að fólk tali mismunandi tungumál. Til dæmis væri hægt að opna umræðuna með því að biðja börnin um að leiða hugann að tungumálum sem notuð eru í nærumhverfi þeirra og um allan heim. Talið um önnur tungumál sem börnin þekkja, hafa heyrt eða komist í kynni við. Haldið síðan áfram í samræmi við þau svör og spurningar sem spretta upp hjá börnunum. Útskýrið að í dag munið þið læra hvernig maður segir nöfn mismunandi hluta á erlendu tungumálinu. Talið um tungumálið sem á að læra.		
1. verkefni: Kynnið leikherbergið í appinu Með hverju barni fyrir sig - Moka Mera Lingua appið kynnt fyrir hverju barni. Leyfið börnunum að leika sér að vild með appið í einhvern tíma svo að þau læri að nota það. - Útskýrið fyrir börnunum hvernig appið virkar. Með því að pikka á hluti sem eru inni í herbergjum trjáhússins heyrir nafn hlutarins á erlendu tungumálinu. Með því að pikka á hákarlinn heyrir nafn hlutarins á aðaltungumálinu. Þegar pikkað er á litla skrímslið heyrir nafn hlutarins aftur á erlendu tungumálinu. - Hvetjið barnið til að skoða sig um í leikherberginu sem er staðsett neðst í hægra horninu. Á meðan barnið pikkar á hina ýmsu hluti í herberginu er gott að endurtaka nöfn þeirra upphátt til þess að hvetja barnið til að prófa að bera orðin fram á erlendu tungumálinu.		Aukaverkefni: Hvetjið barnið til að bera fram erlendu orðin eins og þau heyrast í appinu. Til þess að skapa öruggt og skemmtilegt umhverfi í kringum námið er mikilvægt að útskýra fyrir barninu að það sé í lagi að gera mistök. Það getur verið fyndið að segja ný orð á erlendu tungumáli!

Moka Mera Lingua, 1. kennslustund - „Hlutir“ (framhald)	
2. verkefni: Að bekkja mismunandi hluti í leikherberginu Pör/litlir hópar 1. Skiptið börnunum í pör. Opnið Moka Mera Lingua appið og biðjið börnin um að finna leikherbergið. 2. Biðjið börnin um að skiptast á að pikka á réttan hlut í leikherberginu þegar eftirfarandi hlutir eru nefndir á aðaltungumálinu: Fótbolti, bók, tré, lampi, skyrt, planta, hringla, tromma, vatnskanna, útvarp, róla og teppi. 3. Endurtakið sama verkefni nema í þetta skipti skulu hlutirnir nefndir á erlenda tungumálinu. Orðin má finna í viðhenginu: Orðalisti fyrir Moka Mera Lingua.	<u>Aukaverkefni:</u> Látið börnin endurtaka verkefnið í pörum þar sem annað barnið nefnir hlut og hitt barnið pikkir á rétta hlutinn. Látið börnin byrja á aðaltungumálinu og skiptið síðan yfir í erlenda tungumálið.
3. verkefni: Að nefna hluti Pör/litlir hópar 1. Parið börnin saman og biðjið þau um að finna leikherbergið. Biðjið þau um að pikka á páfagaukinn í trénu til þess að opna hljóðnemaleikinn. 2. Vekið athygli barnanna á hlutum sem birtist í hugsunarskýinu. Útskýrið að með því að pikka á litla skrímslið má heyra nafn hlutarins á erlenda tungumálinu. Þegar pikkað er á hákarlinn heyra börnin nafn hlutarins á aðaltungumálinu. 3. Sýnið börnunum hvernig þau geta pikkað á hljóðnemann til þess að taka upp eigin rödd þegar bleiki hringurinn er virkur og sýnið þeim einnig að til að bæta við hljóðhrifum þá pikki maður á litlu dýrin undir hljóðnemanum. Leyfið börnunum að leika sér að hljóðnemanum að vild svo að þau læri að nota hann. Sýnið þeim hvernig breyta má um hlut í hugsunarskýinu með því að pikka á það. Hlutirnir eru alls 70 talsins. Hvetjið hvert barn til þess að taka upp að minnsta kosti fimm orð.	<u>Aukaverkefni:</u> Berið fram eftirfarandi orð á aðaltungumálinu (fyrir neðan). Eftir hvert orð skulu börnin skiptast á að nota hljóðnemann til að taka upp og hlusta á raddir sínar þegar þau segja orðin á erlenda tungumálinu: Fótbolti, bók, tré, lampi, skyrt, planta, hringla, tromma, vatnskanna, útvarp, róla og teppi. (Myndirnar í hugsunarskýinu sýna aðra hluti).
<u>Lokaverkefni:</u> Allur hópurinn/litlir hópar 1. Látið hvert barn hafa eintak af „VIÐHENGI - 1. kennslustund: Bingó“. 2. Útskýrið fyrir börnunum að þau geti hakað við hlið myndarinnar í hvert skipti sem hluturinn á myndinni er nefndur. Segið eftirfarandi orð á erlenda tungumálinu: ☐ Fótbolti ☐ Bók ☐ Tré ☐ Lampi 3. Rétt svör: ☐ Fótbolti: Mynd nr. 1 ☐ Bók: Mynd nr. 5 ☐ Tré: Mynd nr. 7 ☐ Lampi: Mynd nr. 12 4. Leyfið börnunum að leika sér í Moka Mera Lingua appinu til að rifja upp það sem þau hafa lært.	

Moka Mera Lingua, 1. kennslustund - „Hlutir“ (framhald)

Sýningarútfærsla:

- Klippið út stakar myndir sem fylgja með „VIÐHENGI - 1. kennslustund: Bingó“ (fótbolti, bók, tré, lampi, skyrti, planta, hringla, tromma, vatnskanna, útvarp, róla og teppi) og hengið þær upp í fimmta hluta sýningarveggisins.

Heimaverkefni:

Látið foreldra eða forráðamenn fá eintak af „VIÐHENGI - Moka Mera Lingua - Heimaverkefni“ fyrir allar kennslustundirnar. Biðjið börnin um að fara í ratleik heima hjá sér með aðstoð foreldra sinna og reyna að finna eins marga hluti og þau geta á sama tíma og þau nota erlenda tungumálið (*fótbolti, bók, tré, lampi, skyrti, planta, hringla, tromma, vatnskanna, útvarp, róla og teppi*). Með aðstoð foreldra eða forráðamanna geta börnin tekið myndir af hlutunum, prentað þá út, komið með hlut á deildina eða teiknað mynd af hlutum.

Byrjið næstu kennslustund á því að skoða ljósmyndirnar, teikningarnar eða hlutina. Prófið að segja nöfnin á þeim, bæði á aðaltungumálinu sem og því erlenda. Hengið upp nokkrar ljósmyndir eða teikningar frá börnunum í fimmta hluta sýningarinnar; leikherberginu.

Moka Mera Lingua, 2. kennslustund - „Tölustafir“		
Námssvið: Erlent tungumál sem getur verið arabíska (austurlönd), kínverska (mandarín), enska, finnska, franska, þýska, rússneska, spænska eða sænska.	Aldursbil: 4-8 ára	Áætlaður tími: 30-45 mín.
Markmið: Að kanna erlent tungumál Þema: Tölustafir Lykilþættir kennslustundarinnar: • Að æfa sig í að nota Moka Mera Lingua appið. • Notið Moka Mera Lingua appið til að hlusta á tölustafina frá 1-5 á erlenda tungumálinu. • Notið Moka Mera Lingua appið til að hlusta á tölustafina frá 6-10 á erlenda tungumálinu. • Æfið ykkur í að telja frá 1-10 á erlenda tungumálinu.		Tillögur að aukaverkefnum: Æfið ykkur í að segja nafn rétttrar tölu á milli 1-10 (á erlenda tungumálinu) með því að nota mismarga leikmuni. - Teljið leikmunina sem eru til staðar á erlenda tungumálinu.
Aðföng: Spjaldtölva eða annað tæki með Moka Mera Lingua appinu uppsettu (tungumálið sem talað er í hópnum skal valið sem „mitt tungumál“ og tungumálið sem skal læra sem „ég vil læra“); tíu smáhlutir af sama tagi (t.d. leikfangabílar, tölur eða kubbar).		
Lykilorð: Tölustafirir 1-10 á aðaltungumálinu og á því erlenda.		
Inngangur: Látið hópinn vita að í dag munið þið æfa ykkur í að telja á nýja tungumálinu sem verið er að læra. Æfið ykkur í að telja saman frá 1-10 á aðaltungumálinu.		
1. verkefni: Teljið upp að fimm Með hverju barni fyrir sig 1. Leyfið barninu að leika sér í Moka Mera Lingua appinu til að rifja upp hvernig það virkar. 2. Biðjið barnið um að finna og pikka á svefnherbergið (staðsett efst í vinstra horninu). Biðjið barnið um að pikka á rúmið til þess að verurnar hátti sig og leggist niður. Útskýrið að nú ætlið þið að reyna að svæfa verurnar með því að telja kindur. Sýnið barninu að þegar pikkað er á kindina, hoppar hún yfir girðinguna. Biðjið barnið að halda áfram að pikka á kindina þannig að hún hoppi fimm sinnum yfir girðinguna. Til að koma í veg fyrir að kindin lendi á gólfinu þarf barnið að pikka á hana áður en hún lendir á gólfinu. Annars byrjar talningin aftur á byrjun. 3. Endurtakið tölustafina saman á meðan kindin hoppar.		Aukaverkefni: Verið áfram inni í svefnherberginu og biðjið barnið um að telja hlutina sem eru til staðar í herberginu á erlenda tungumálinu (einn sjónauki, tvær verur, þrjár plánetur, fimm stjörnur). Sé það of erfitt má telja hlutina upphátt og biðja barnið um að endurtaka.

Moka Mera Lingua, 2. kennslustund - „Tölustafir“ (framhald)	
2. verkefni: Talið upp að tíu Allur hópurinn/litlir hópar - Látið börnin sitja í hring. Opnið svefnherbergið á spjaldtölvunni og pikkið á rúmið. Pikkið á kindina og látið hana hoppa tíu sinnum yfir girðinguna. Teljið upphátt á meðan kindin hoppar og hvetjið börnin til að hrópa tölustafina með upphátt. - Leggið spjaldtölvuna til hliðar og teljið upp að tíu á erlenda tungumálinu. Klappið einu sinni á eftir hverjum tölustaf sem er nefndur: Einn * klapp *, tveir * klapp *, þrír * klapp *... upp að tíu. Hughreystið börnin og aðstoðið ef eitthvað fer úrskeiðis. - Kennari klappar á meðan hann telur frá 1-5 og börnin eru fengin til að endurtaka alla tölustafina í röð á erlenda tungumálinu. Haldið síðan áfram á sama hátt frá 6-10.	<u>Aukaverkefni:</u> Endurtakið 3. þrep úr fyrra verkefni en skiptið nú út einum tölustaf fyrir eitt klapp, t.d. svona: Einn * klapp *, tveir * klapp *, (þögn) *, klapp *, fjórir * klapp *...
3. verkefni: Að nefna tölustafina Litlir hópar - Setjist í hring með tíu leikmunum (t.d. leikfangabílum, tölum eða kubbum) í poka eða kassa. - Raðið þeim upp, hverjum á fætur öðrum, og hvetjið börnin til að telja upphátt, öll samtímis á aðaltungumálinu. Börnin telja með því að hrópa upphátt eftir því sem leikmunir bætast við. - Endurtakið sama verkefni nema í þetta skipti skulu leikmunirnir taldir á erlenda tungumálinu. - Raðið upp leikmunum og spyrjið börnin, eitt í einu, hversu margir munir eru til staðar. Notið fyrst aðaltungumálið og síðan það erlenda. Endurtakið eins oft og þörf krefur þannig að öll börn sem vilja fái tækifæri til að segja hversu margir munir eru til staðar og nota alla tölustafina frá 1-10.	<u>Aukaverkefni:</u> Nefnið tölustaf á erlenda tungumálinu og látið börnin skiptast á að setja fram jafn marga leikmuni.
Lokaverkefni: Allur hópurinn/litlir hópar - Setjist í hring. Kennari opnar Moka Mera Lingua appið og heldur tækinu uppi þannig að allir sjái. Fyrst er pikkað á rúmið. - Látið börnin skiptast á að pikka á kindina til að láta hana hoppa yfir girðinguna. Látið hópinn telja saman upphátt þangað til að kindin lendir á gólfinu. Klappið og fagnið saman þegar barnið hefur talið rétt og endurtakið síðasta númerið sem barnið taldi upphátt á erlenda tungumálinu. Leyfðu börnunum sem eftir eiga að gera að halda áfram. Fagnið í hvert skipti, óháð því hversu lengi var talið! - Leggið spjaldtölvuna til hliðar og teljið saman upp að fimm eða tíu á erlenda tungumálinu. - Leyfið börnunum að leika sér í Moka Mera Lingua appinu til að rifja upp það sem þau hafa lært.	
Sýningarútfærsla: Prentið út eitt eintak af VIÐHENGÍ - 2. kennslustund: Svefnherbergi, kind. Klippið út allar tíu kindurnar. Númerið kindurnar frá 1-10. Hengið þær upp á annan hluta sýningarveggisins þar sem svefnherbergið er. Notið kindurnar tíu til að telja frá 1-10.	

Heimaverkefni:

Biðjið foreldra eða forráðamenn um að nota „VIDHENGI - Moka Mera Lingua - Heimaverkefni“ sem þau ættu nú þegar að hafa fengið. Þar má finna erlendu nöfnin fyrir tölustafina 1-10. Biðjið foreldra um að hjálpa börnum sínum að telja hluti af sama tagi heima fyrir (t.d. tvo sokka, fjóra tannbursta). Biðjið foreldra eða forráðamenn um að aðstoða börnin við að ljósmynda eða teikna myndir af hlutunum.

Byrjið næstu kennslustund á því að ræða hvaða hluti börnin fundu heima. Hvetjið þau til að nota erlenda tungumálið þegar þau segja hversu margir hlutir eru á myndinni. Hengið upp nokkrar myndir eða teikningar frá börnunum í annan hluta sýningarinnar; svefnherberginu.

Moka Mera Lingua, 3. kennslustund - „Litir“		
Námssvið: Erlent tungumál, arabíska (austurlönd), kínverska (mandarín), enska, finnska, franska, þýska, rússneska, spænska eða sænska	Aldursbil: 4-8 ára	Áætlaður tími: 30-45 mín.
Markmið: Að kanna erlent tungumál Þema: Litir Lykilþættir kennslustundarinnar: - Að æfa sig í að nota Moka Mera Lingua appið. - Notið Moka Mera Lingua appið til að hlusta á nöfn litanna fimm á erlendu tungumáli. - Æfið ykkur með því að para saman myndir af fimm litum við nöfn samsvarandi lita á erlendu tungumálinu.		Tillögur að aukaverkefnum: Æfið ykkur í að segja nöfn litanna fimm á erlendu tungumálinu.
Aðföng: Spjaldtölva með Moka Mera Lingua appinu uppsettu (tungumálið sem talað er í hópnum skal valið sem „mitt tungumál“ og tungumálið sem skal læra sem „ég vil læra“); eitt teikniblað á hvert barn; fimm teikniþöð; túss- eða trélitir (rauður, appelsínugulur, gulur, grænn og blár); útprentað eintak fyrir hvert barn af „VIÐHENGI - 3. kennslustund: Baðtími, myndir til að lita“; stórt, opið rými sem hægt er að hlaupa um í.		
Lykilorð: Rauður, appelsínugulur, gulur, grænn og blár á aðaltungumálinu og því erlenda.		
Inngangur: Allur hópurinn/litlir hópar Segið börnunum að í dag munið þið læra nöfnin á litunum á erlendu tungumálinu. Gerið æfingu saman til að rifja upp nöfn litanna á aðaltungumálinu. Látið hvert barn hafa blað og tré- eða tússliti til að teikna regnboga með rauðum, appelsínugulum, gulum, grænum og bláum lit. Æfið ykkur í að nefna litina á aðaltungumálinu.		
1. verkefni: Veiðileikurinn á baðherberginu Með hverju barni fyrir sig - Opnið Moka Mera Lingua appið og biðjið barnið um að finna baðherbergið (efst í hægra horninu). Leyfið barninu að taka sér smá stund í að skoða herbergið til að rifja upp hvernig appið er notað. - Biðjið barnið um að pikka á baðkarið til að opna veiðileikinn. Litla skrímslið gefur barninu fyrirmæli á erlendu tungumálinu um að veiða hlut í ákveðnum lit. Barnið getur pikkað á bláa hákarlinn til að heyra sömu setningu á aðaltungumálinu. Leggið áherslu á hlutina sem eru rauðir, appelsínugulir, gulir, grænir og bláir (alls eru litirnir tíu). - Til að spila verður barnið að draga öngulinn að hlut í réttum lit. Litla skrímslið verður spennt þegar barnið veiðir réttan lit og hristir höfuðið ef liturinn er ekki réttur.		Aukaverkefni: - Nefnið liti hlutanna (rauður, appelsínugulur, gulur, grænn og blár) og biðjið barnið um að endurtaka á erlendu tungumálinu. - Pikkið á hlutina í baðkarinu og biðjið barnið um að segja hvernig hluturinn er á litinn á erlendu tungumálinu.

Moka Mera Lingua, 3. kennslustund - „Litir“ (framhald)

2. verkefni: Að finna rétta litinn

Pör/litlir hópar + allur hópurinn

1. Skiptið hópnum í pör eða litla hópa og látið hvert par/hóp fá blað. Látið hvern hóp fá vaxliti, tré- eða tússliti í eftirfarandi litum: Rauðum, appelsínugulum, gulum, grænum og bláum. Nefnið nöfnin á litunum á erlenda tungumálinu þegar þið útteilið þeim og einnig á aðaltungumálinu er þörf er á.
2. Biðjið hópana um að nota þann lit sem beðið er um (hóparnir mega nota mismunandi liti). Biðjið hópana um að teikna stóran hring og lita innan í hann. Segið nafnið á litnum sem hver hópur notaði til að lita innan í hringinn upphátt, bæði á aðaltungumálinu sem og því erlenda.
3. Ef börnin kunna að skrifa geta þau líka skrifað nafnið á litnum á aðaltungumálinu.
4. Leggið myndirnar af hringjunum út á gólfíð og passið að hafa bil á milli þeirra.
5. Hrópið nafn eins af fimm litunum á erlenda tungumálinu. Börnin ættu þá að hlaupa að rétta litnum og taka sér stöðu þar. Endurtakið nokkru sinnum og notið aðaltungumálið eftir þörfum. Látið börnin segja nafn litsins á erlenda tungumálinu þegar þau standa hjá hringnum.

Aukaverkefni:

Fáið börnin til að hrópa nafn litanna, eins í einu, fyrst á aðaltungumálinu og síðan á því erlenda. Hin börnin taka sér þá stöðu við hliðina á réttum lit. Börnin geta síðan skipts á að hrópa litinn.

3. verkefni: Að nefna liti

Pör

1. Skiptið börnunum í pör. Opnið Moka Mera Lingua appið og biðjið börnin um að finna leikherbergið.
2. Biðjið þau um að pikka á páfagaukinn til þess að opna hljóðnemaleikinn. Minntu þau á hvernig hljóðneminn er notaður. Minntu þau á að með því að pikka á litlu dýrin framkalli maður hljóðhrif. Leyfið börnunum að leika sér aðeins í leiknum til að rifja upp hvernig hann virkar.
3. Notið lituðu hringana úr síðasta verkefni. Haldið uppi einum lituðum hring í einu og biðjið börnin um að segja litinn á erlenda tungumálinu á meðan þau taka rödd sína upp. (Myndirnar í hugsunarskýinu sýna aðra hluti).

Aukaverkefni:

Skiptið börnunum í pör/litla hópa. Fáið eitt barn til að nefna lit á aðaltungumálinu. Hitt barnið eða börnin segja þá nafnið á litnum á erlenda tungumálinu og taka upp rödd sína á meðan. Leyfðu þeim síðan að skiptast á.

Lokaverkefni:

Allur hópurinn/litlir hópar

1. Látið hvert barn hafa eintak af „VIÐHENGÍ - 3. kennslustund: Baðtími, myndir til að lita“ ásamt tré- eða tússlitum.
2. Biðjið börnin um að lita myndirnar og notið erlenda tungumálið eða aðaltungumálið ef þörf er á.
 - ☐ - Hvalur - Blár
 - ☐ - Sæhestur - Appelsínugulur
 - ☐ - Krabbi - Rauður
 - ☐ - Kafbátur - Gulur
 - ☐ Leyfið börnunum að leika sér í Moka Mera Lingua appinu til að rifja upp það sem þau hafa lært.

Moka Mera Lingua, 3. kennslustund - „Litir“ (framhald)

Sýningarútfærsla:

- Hengið upp lituðu myndirnar úr „VIDHENGI - 3. kennslustund: Baðfími, myndir til að lita“ í þriðja hluta sýningarinnar. Hengið upp útkliptu hringina úr 2. verkefni sem börnin lituðu. Skiljið eftir pláss fyrir nokkrar myndir í viðbót sem bætast við úr síðustu kennslustundinni.

Heimaverkefni:

Biðjið foreldra eða forráðamenn um að nota „VIDHENGI - Moka Mera Lingua - Heimaverkefni“ sem þau ættu nú þegar að hafa fengið. Þar eru nöfn litanna á erlenda tungumálinu. Biðjið foreldra eða forráðamenn að hjálpa barninu að finna eitthvað af hverjum lit heima fyrir (rauður, appelsínugulur, gulur, grænn og blár) og teikna einn af hlutunum eða taka ljósmynd og prenta hana út.

Byrjið næstu kennslustund á því að spyrja börnin hvaða liti þau fundu og hvetjið þau til að segja þá á erlenda tungumálinu.

Moka Mera Lingua, 4. kennslustund - „Umræður og setningar“ (framhald)		
Námssvið: Erlent tungumál, arabíska (austurlönd), kínverska (mandarín), enska, finnska, franska, þýska, rússneska, spænska eða sænska.	Aldursbil: 4-8 ára	Áætlaður tími: 30-45 mín.
Markmið: Að kanna erlent tungumál Þema: Heimilisvenjur Lykilþættir kennslustundarinnar: - Að æfa sig í að nota Moka Mera Lingua appið. - Notið Moka Mera Lingua appið til að hlusta á nöfn hluta sem eru inni á baðherberginu og í eldhúsinu á erlenda tungumálinu.		Tillögur að aukaverkefnum: - Æfið ykkur í að nefna nöfn mismunandi hluta sem eru til staðar inni í eldhúsinu á erlenda tungumálinu. - Notið Moka Mera Lingua appið til að hlusta á setningar á erlenda tungumálinu. - Æfið eftirfarandi á erlenda tungumálinu. - Æfið ykkur í að segja „takk fyrir!“ á erlenda tungumálinu.
Aðföng: Spjaldtölva með Moka Mera Lingua appinu uppsettu (tungumálið sem talað er í hópnum skal valið sem „mitt tungumál“ og tungumálið sem skal læra sem „ég vil læra“)		
Lykilorð: Hnífur, gaffall, skeið, diskur, hreint, eldhúsvaskur, vaskur, salerni, „takk fyrir!“, „þetta er hreint!“, bæði á aðaltungumálinu sem og því erlenda.		
Inngangur: Segið börnunum að í dag munið þið læra nöfn algengra hluta á heimilinu á erlenda tungumálinu.		
1. verkefni: Að vaska upp Með hverju barni fyrir sig - Opnið Moka Mera Lingua appið og biðjið barnið um að finna eldhúsið (neðst í vinstra horninu). Leyfið barninu að taka sér smá stund í að skoða herbergið til að rifja upp hvernig appið er notað. - Biðjið barnið um að pikka á eldhúsvaskinn. Litla skrímslið biður barnið á erlenda tungumálinu að vaska upp diska og hnífapör. Minnið börnin að pikka á hákarlinn til að heyra sömu setninguna á aðalmálinu. - Biðjið börnin um að taka upp diskana með því að pikka á þá og skrúbba þá með fingri sínum. Þegar búið er að vaska upp hlut, segir litla skrímslið „þetta er hreint!“ á erlenda tungumálinu. Hvetjið börnin til að pikka á hákarlinn til að heyra sömu setninguna á aðaltungumálinu. - Leyfið barninu að halda áfram að vaska upp þar til vaskurinn er tómur. Endurtakið orðin upphátt sem koma fram í leiknum á meðan barnið leikur sér.		Aukaverkefni: Hvetjið barnið til að endurtaka orðin upphátt.

2. verkefni: Salernisleikurinn Litlir hópar

1. Skiptið börnunum í þriggja manna hópa. Leyfið þeim að skiptast á að leika sér í Moka Mera Lingua appinu. Biðjið börnin að finna baðherbergið (efst í hægra horninu) og pikka á það.
2. Biðjið börnin um að pikka á salernið til að litla skrímslið og hákarlinn geti notað það. Biðjið þau um að pikka á kúlurnar sem birtast. Pikkið á gólfið til að láta verurnar standa upp. Þegar hákarlinn og litla skrímslið hafa lokið erindi sínu á salerninu geta börnin pikkað á litla skrímslið sem spyr þá „geturðu skeint mér?“ á erlenda tungumálinu. Hvetjið börnin til að pikka á hákarlinn til að heyra sömu setninguna á aðaltungumálinu.
3. Með fingrinum draga börnin salernispappírinn yfir litla skrímslið og hákarlinn og nudda þar til litlu grænu skýin hverfa. Litla skrímslið segir þá „takk fyrir!“ á erlenda tungumálinu. Hvetjið börnin til að pikka á hákarlinn til að heyra sömu setninguna á aðaltungumálinu.
4. Biðjið börnin um að pikka aftur á litla skrímslið sem spyr þá: „geturðu þvegið á mér hendurnar?“ á erlenda tungumálinu. Hvetjið börnin til að pikka á hákarlinn til að heyra sömu setninguna á aðaltungumálinu.
5. Með því að pikka á vaskinn hjálpa börnin litla skrímslinu að þvo á sér hendurnar. Biðjið börnin um að pikka aftur á litla skrímslið sem spyr þá: „geturðu sturtað niður í salerninu?“ á erlenda tungumálinu. Hvetjið börnin til að pikka á hákarlinn til að heyra sömu setninguna á aðaltungumálinu.
6. Leggið spjaldtölvuna til hliðar þegar öll börnin hafa fengið að leika sér með hina ýmsu eiginleika í appinu að minnsta kosti einu sinni. Farið aftur yfir helstu orðin sem börnin muna effir úr leiknum, eins og „takk fyrir!“

Aukaverkefni:

Biðjið börnin um að fara í eldhúsið (lægra horn til vinstri) og pikka á ísskápinn. Litla skrímslið mun biðja um mat. Til dæmis: „Má ég fá maukaða gulrót“. Dragið matinn yfir á disk litla skrímslisins þegar hann er tilbúinn. Minnið börnin á að pikka á bláa hákarlinn til að heyra sömu setninguna á aðaltungumálinu. Látið börnin skiptast á að útbúa matinn sem litla skrímslið biður um.

3. verkefni: Að grípa boltann Allur hópurinn/litlir hópar

1. Látið börnin standa í hring og réttið þeim bolta. Börnin kasta boltanum til hvers annars þannig að allir fái tækifæri til að kasta honum og grípa.
2. Þegar barn grípur boltann skal hvetja það til að segja „takk fyrir!“ á erlenda tungumálinu.
3. Haldið áfram þar til allir hafa gripið boltann að minnsta kosti einu sinni.

Aukaverkefni:

Aukið hraðann í leiknum þannig að börnin segi „takk fyrir!“ hraðar.

Lokaverkefni: Allur hópurinn/litlir hópar

1. Sýnið hópnum leikföng án þess að nota orð, t.d. hníf, egg, eppli, gaffal og disk. Biðjið börnin um að segja á erlenda tungumálinu hvaða hluti er verið að sýna.
2. Látið eins og verið sé að vaska upp hlutinn og biðjið börnin um að segja „þetta er hreint!“ á erlenda tungumálinu þegar uppvaskið er búið.
3. Fáðið börnin til að taka þátt með því að leyfa þeim að halda áfram að leika sér og æfa sig í orðunum sem þau lærðu.

Lokaverkefni:

Skoðið sýninguna með hópnum. Byrjið á fyrsta hluta hennar (háaloffinu) þar sem fyrri þekkingu barnanna eru gerð skil. Hugleiðið allt sem þið hafið lært í ferlinu.

Ræðið við hvert barn um upphaldsorð þess og hvað það lærði. Berið saman fyrri þekkingu við allt sem lært hefur verið um. Sýnið hverju barni hvað það hefur lært. Einnig er hægt að taka þetta upp og bera saman við fyrstu upptökuna.

Sýningarútfærsla:

- Á fjórða hluta sýningarveggisins skal hengja upp myndina af eldhúsinu sem finna má í „VIÐHENGI - 4. kennslustund: Sýning, eldhús“
- Á þriðja hluta sýningarveggisins skal hengja upp myndina af baðherberginu sem finna má í „VIÐHENGI, 4. kennslustund: Sýning, baðherbergi“.

Heimaverkefni:

Biðjið foreldra eða forráðamenn um að nota „VIÐHENGI - Moka Mera Lingua - Heimaverkefni“ sem þau ættu nú þegar að hafa fengið. Þar má finna nöfnin á hnífapörum og diskum á erlenda tungumálinu. Biðjið foreldra um að spyrja barnið í kvöldmatartímanum hvort það muni nafnið á hnífnum, gafflinum, skeiðinni og disknum á erlenda tungumálinu.

BINGÓ




1. Fótbolti



2. Skyrta



3. Vatnskanna



4. Planta



5. Bók



6. Útvarp



7. Tré



8. Hringla




9. Róla







10. Teppa







11. Tromma




12. Lampi







Baðtími, myndir til að líta




1. Hvalur




2. Sæhestur





4. Krabbi





5. Kaþbátur
















Lykilorð, þýðing: Moka Mera Lingua, 1. kennslustund - „Hlutir“									
Enska	Spænska	Kínverska (mandarín)	Rússneska	Franska	Sænska	Finnska	Arabíska (austurlönd)	Þýska	Íslenskur
book	Libro	书	Книга	Livre	Bok	Kirja	كتاب	Buch	Bók
carpet	tapete	地毯	ковер	tapis	matta	Matto	سجادة	Teppich	Teppi
drum	tambor	鼓	барабан	tambour	trumma	rumpu	طبله	Trommel	Tromma
football	Fútbol	足球	Футбольный мяч	Ballon de foot	Fotboll	Jalkapallo	كرة قدم	Fußball	Fótbolti
lamp	Lámpara	台灯	Лампа	Lampe	Lampa	lamppu	لمبة	Lampe	Lampi
maraca	maraca	沙锤	погремушка	maracas	maracas	marakassi	آلة موسيقية	Maraca	Hringla
plant	planta	植物	растение	plante	växt	Kasvi	نبات	Pflanze	Planta
radio	Radio	收音机	Радио	Radio	Radio	Radio	راديو	Radio	Útvarp
shirt	camisa	衬衣	рубашка	T-shirt	skjorta	Paita	قميص	T-Shirt	Skyrta
swing	Columpio	秋千	Качели	Balançoire	Gunga	Keinu	أرجوحة	Schaukel	Róla
tree	Árbol	树	Дерево	Arbre	Träd	Puu	شجرة	Baum	Tré
watering can	regadera	洒水壶	лейка	arrosoir	vattenkanna	kastelukannu	مرشة مياه	Gießkanne	Vatnskanna



Lykilorð, þýðing: Moka Mera Lingua, 2. kennslustund - „Tölustafirnir“									
Enska	Spænska	Kínverska (mandarín)	Rússneska	Franska	Sænska	Finnska	Arabíska (austurlönd)	Þýska	Íslenskur
One	Uno	一	Один	Un	Ett	Yksi	واحد	Eins	Einn
Two	Dos	二	Два	Deux	Två	Kaksi	اثنان	Zwei	Tveir
Three	Tres	三	Три	Trois	Tre	Kolme	ثلاثة	Drei	þrír
Four	Cuatro	四	Четыре	Quatre	Fyra	Neljä	أربعة	Vier	Fjórir
Five	Cinco	五	Пять	Cinq	Fem	Viisi	خمسة	Fünf	Fimm
Six	Seis	六	Шесть	Six	Sex	Kuusi	سنة	Sechs	Sex
Seven	Siete	七	Семь	Sept	Sju	Seitsemän	سبعة	Sieben	Sjö
Eight	Ocho	八	Восемь	Huit	Åtta	Kahdeksan	ثمانية	Acht	Átta
Nine	Nueve	九	Девять	Neuf	Nio	Yhdeksän	تسعة	Neun	Níu
Ten	Diez	十	Десять	Dix	Tio	Kymmenen	عشرة	Zehn	Tíu



Lykilorð, þýðing: Moka Mera Lingua, 3. kennslustund: „Litir“									
Enska	Spænska	Kínverska (mandarín)	Rússneska	Franska	Sænska	Finnska	Arabíska (austurlönd)	Þýska	Íslenskur
blue	azul	藍色	синий	bleu	blå	sininen	أزرق	blau	Blár
green	verde	绿色	зеленый	vert	grön	vihreä	أخضر	grün	Grænn
orange	naranja	橘子	апельсин	orange	orange	oranssi	برتقالة	orange	Appelsínugulur
red	rojo	红色	красный	rouge	röd	punainen	أحمر	rot	Rauður
yellow	amarillo	黄色	желтый	jaune	gul	keltainen	أصفر	gelb	Gulur



Lykilorð, þýðing: Moka Mera Lingua 4. kennslustund - „Umræða og setningar“									
Enska	Spænska	Kínverska (mandarín)	Rússneska	Franska	Sænska	Finnska	Arabíska (austurlönd)	Þýska	Íslenskur
Can you please flush the toilet?	¿Puedes tirar la cadena, por favor?	能请你冲一下马桶吗?	Можешь смыть воду в туалете?	Peux-tu tirer la chasse d'eau s'il te plaît ?	Kan du spola toaletten?	Voitko vetää vessan?	هل بإمكانك تنظيف المرحاض؟	Kannst du bitte die Toilette spülen?	Geturðu sturtað niður í salerninu?
Can you please wash my hands?	¿Puedes lavarme las manos, por favor?	你能帮我洗手吗?	Можешь помыть мне руки?	Peux-tu me laver les mains s'il te plaît ?	Kan du tvätta mina händer?	Voitko pestä käteni?	هل بإمكانك غسل يدي؟	Kannst du mir bitte die Hände waschen?	Geturðu þvegið hendurnar á mér?
Can you please wipe me?	¿Me puedes limpiar, por favor?	你能帮我擦擦吗?	Поможешь мне вытереться?	Peux-tu m'essuyer s'il te plaît ?	Kan du torka mej?	Voitko pyyhkiä pyllyn?	هل بإمكانك المسح بالمناديل؟	Kannst du mich bitte abwischen?	Geturðu skeint mér?
Handbasin	Lavabo	洗手池	Раковина	Lavabo	Handfat	pesuallas	حوض	Waschbecken	Vaskur
toilet	Inodoro	马桶	туалет	toilettes	toalett	Vessa	مرحاض	Toilette	Salerni
thank you!	¡Gracias!	谢谢!	Спасибо!	Merci !	tack!	Kiitos!	شكراً لك!	Dankeschön!	Takk fyrir!
it's clean!	¡Está limpio!	干净了!	Чисто!	C'est propre !	Det är rent!	Nyt se on puhdas	إنه نظيف!	Es ist sauber!	Þetta er hreint!
plate	plato	盘子	тарелка	assiette	tallrik	lautanen	طبق	Teller	Diskur
spoon	cuchara	勺子	ложка	cuillère	sked	lusikka	ملعقة	Löffel	Skeið
knife	cuchillo	刀	нож	couteau	kniv	veitsi	سكين	Messer	Hnífur
fork	tenedor	叉子	вилка	fourchette	gaffel	haarukka	شوكة	Gabel	Gaffall



Moka Mera Lingua Heimaverkefni

Moka Mera í samvinnu við Dr Gummer's Good Play Guide



LÆRUM TUNGUMÁLID: (Kennari botnar)	☐ Sænska	☐ Enska	☐ Finnsla	☐ Franska
☐ Þýska	☐ Rússneska	☐ Arabíska (austurlönd)	☐ Spænska	☐ Kínverska (mandarín)

Kæru foreldrar og forráðamenn,

Með hjálp **Moka Mera Lingua** appsins **könnum við nýtt tungumál**. Um er að ræða fræðslu-app fyrir börn á aldrinum 3-8 ára sem hjálpar þeim að læra ný tungumál á eigin forsendum; í gegnum leik. Verkefnin sem unnin eru fela meðal annars í sér **fjögur stutt heimaverkefni fyrir barnið** þar sem þörf er á aðstoð frá foreldrum eða forráðamönnum. Verkefnin má vinna í rólegheitum í takt við starfið sem unnið er með börnunum á nokkrum vikum á deildinni. Frekari upplýsingar um Moka Mera Lingua appið er að finna á mokamera.com. Hægt er að sækja appið án endurgjalds. Það inniheldur engar auglýsingar. Ekki er hægt að gera nein kaup í gegnum appið og það safnar engum gögnum. Það er í boði í Apple App Store og Google Play Store og hægt er að nota það bæði í snjallsíma og spjaldtölvu. Þegar appið hefur verið sótt þarf ekki að nota þrálaust net. Ekki er nauðsynlegt að sækja appið til þess að vinna heimaverkefnin. Við vonumst til að þú sjáir þér fært að aðstoða barnið við einföldu heimaverkefnin hér að neðan sem við munum afhenda hverju sinni!



1. kennslustund - 1. heimaverkefni - Hlutir

Farið í smá ratleik heima fyrir og reynið að finna eins marga hluti og mögulegt er á sama tíma og erlenda tungumálið er notað: **Fótbolti, bók, tré, lampi, skyrta, planta, hringla, tromma, vatnskanna, útvarp, róla og teppi**. Með aðstoð ykkar geta börnin valið einn hlut, tekið mynd af honum og prentað út, teiknað hann eða tekið hann með sér á deildina.

Lykilorð, þýðing: Moka Mera Lingua, 1. kennslustund - „Hlutir“									
Enska	Spænska	Kínverska (mandarín)	Rússneska	Franska	Scenska	Finnska	Arabíska (austurlönd)	Þýska	Íslenskur
book	Libro	书	Книга	Livre	Bok	Kirja	كتاب	Buch	Bók
carpet	tapete	地毯	ковер	tapis	matta	Matto	سجادة	Teppich	Teppi
drum	tambor	鼓	барабан	tambour	trumma	rumpu	طبله	Trommel	Tromma
football	Fútbol	足球	Футбольный мяч	Ballon de foot	Fótboll	Jalkapallo	كرة قدم	Fußball	Fótbolti
lamp	Lámpara	台灯	Лампа	Lampe	Lampa	lamppu	لمبة	Lampe	Lampi
maraca	maraca	沙锤	погремушка	maracas	maracas	marakassi	آلة موسيقية	Maraca	Hringla
plant	planta	植物	растение	plante	växt	Kasvi	نبات	Pflanze	Planta
radio	Radio	收音机	Радио	Radio	Radio	Radio	راديو	Radio	Útvarp
shirt	camisa	衬衣	рубашка	T-shirt	skjorta	Paita	قميص	T-Shirt	Skyrta
swing	Columpio	秋千	Качели	Balançoire	Gunga	Keinu	أرجوحة	Schaukel	Róla
tree	Árbol	树	Дерево	Arbre	Träd	Puu	شجرة	Baum	Tré
watering can	regadera	洒水壶	лейка	arrosoir	vattenkanna	kastelukannu	مرشحة مياه	Gießkanne	Vatnskanna

2. kennslustund -2. heimaverkefni - Tölustafirnir frá 1-10

Í þessari viku munum við æfa tölustafina frá 1-10 á erlenda tungumálinu. Getið þið talið hluti af sama tagi (t.d. tvo sokka, fjóra tannbursta) heima fyrir á erlenda tungumálinu? Hjálpið barninu að velja einn hlut, ljósmynda hann og prenta út eða teikna af honum mynd þar sem sama tala hluta kemur fyrir (t.d. þrír boltar).

Lykilorð, þýðing: Moka Mera Lingua, 2. kennslustund - „Tölustafirnir“									
Enska	Spænska	Kínverska (mandarín)	Rússneska	Franska	Sænska	Finnska	Arabíska (austurlönd)	Þýska	Íslenskur
One	Uno	一	Один	Un	Ett	Yksi	واحد	Eins	Einn
Two	Dos	二	Два	Deux	Två	Kaksi	اثنان	Zwei	Tveir
Three	Tres	三	Три	Trois	Tre	Kolme	ثلاثة	Drei	Þrír
Four	Cuatro	四	Четыре	Quatre	Fyra	Neljä	أربعة	Vier	Fjórir
Five	Cinco	五	Пять	Cinq	Fem	Viisi	خمسة	Fünf	Fimm
Six	Seis	六	Шесть	Six	Sex	Kuusi	ستة	Sechs	Sex
Seven	Siete	七	Семь	Sept	Sju	Seitsemän	سبعة	Sieben	Sjö
Eight	Ocho	八	Восемь	Huit	Åtta	Kahdeksan	ثمانية	Acht	Átta
Nine	Nueve	九	Девять	Neuf	Nio	Yhdeksän	تسعة	Neun	Níu
Ten	Diez	十	Десять	Dix	Tio	Kymmenen	عشرة	Zehn	Tíu

3. kennslustund - 3. heimaverkefni - Litir

Í þessari viku munum við æfa litina á erlenda tungumálinu. Getið þið fundið hluti heima fyrir sem eru rauðir, appelsínugulir, gulir, bláir eða grænir á litinn og notað erlenda tungumálið til að segja nafnið á litnum? Veljið einn hlut, teiknið hann eða ljósmyndið og prentið út.

Lykilorð, þýðing: Moka Mera Lingua, 3. kennslustund: „Litir“									
Enska	Spænska	Kínverska (mandarín)	Rússneska	Franska	Sænska	Finnska	Arabíska (austurlönd)	Þýska	Íslenskur
blue	azul	蓝色	синий	bleu	blå	sininen	أزرق	blau	Blár
green	verde	绿色	зеленый	vert	grön	vihreä	أخضر	grün	Grænn
orange	naranja	橘子	апельсин	orange	orange	oranssi	برتقالة	orange	Appelsínugulur
red	rojo	红色	красный	rouge	röd	punainen	أحمر	rot	Rauður
yellow	amarillo	黄色	желтый	jaune	gul	keltainen	أصفر	gelb	Gulur

4. kennslustund - 4. heimaverkefni - Diskar og hnífapör

Í þessari viku munum við æfa nöfn hluta inni í eldhúsinu og á baðherberginu á erlenda tungumálinu. Spyrjið börnin í matartímanum í hádeginu hvort þau muni hvernig maður segi hnífur, gaffall, skeið og diskur á erlenda tungumálinu.

Lykilorð, þýðing: Moka Mera Lingua 4. kennslustund - „Umræða og setningar“									
Enska	Spænska	Kínverska (mandarín)	Rússneska	Franska	Scenska	Finnska	Arabíska (austurlönd)	Þýska	Íslenskur
plate	plato	盘子	тарелка	assiette	fallrik	lautanen	طبق	Teller	Diskur
spoon	cuchara	勺子	ложка	cuillère	sked	lusikka	ملعقة	Löffel	Skeið
knife	cuchillo	刀	нож	couteau	kniv	veitsi	سكين	Messer	Hnífur
fork	tenedor	叉子	вилка	fourchette	gaffel	haarukka	شوكة	Gabel	Gaffall